

Fundur bekkjarfulltrúa og stjórnar foreldrafélagsins 24.nóvember 2009

Þeir sem hafa gefið kost á sér sem bekkjarfulltrúar eru:

Nafn	Bekkur	Netfang
Helga Jónasdóttir	1.b	helgaj03@ru.is
Ingibjörg Þorvaldsdóttir	1.b	bogga@port.is
Aðalbjörg Guðný Árnadóttir	1.b	adalarna@simnet.is
Anna Rut Jónsdóttir	2-3.b	annarutjonsdottir@gmail.com
Sunna Guðmundsdóttir	2-3.b	sunnag@akmennt.is
Guðni Bjarnar Guðmundsson	2-3.b	jonko@simnet.is
Fjóla Björk Karlsdóttir	2-3.b	fjolabjork@simnet.is
Ásdís Birgisdóttir	2-3.b	asdisb@vma.is
Herdís Anna Friðfinnsdóttir	4-5.b	herdis@inn.is
Hanna Birna Sigurbjörnsdóttir	4-5.b	hannabirna@talnet.is
Valgerður Dögg Jónsdóttir	4-5.b	vala@vma.is
Sigríður Magnúsdóttir	6-7.b	siggamagg@akmennt.is
Guðbjörg Ósk Hjartardóttir	6-7.b	sardinan@simnet.is
Jóhanna Sigmarsdóttir	6-7.b	josasigmars@gmail.com

Á fundinn mættu úr stjórnar foreldrafélagsins: Ásdís Arnadóttir, Jón Stefán Baldursson, Elísa Tryggvadóttir og Vaka Óttarsdóttir. Bekkjarfulltrúar: Helga Jónasdóttir, Ingibjörg Þorvaldsdóttir, Anna Rut Jónsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Guðni Bjarnar Guðmundsson, Herdís Anna Friðfinnsdóttir, Hanna Birna Sigurbjörnsdóttir, Valgerður Dögg Jónsdóttir, Guðbjörg Ósk Hjartardóttir og Sigríður Magnúsdóttir.

Bekkjarfulltrúar skipa fulltrúaráð stjórnar foreldrafélagsins og verða því boðaðir á einhverja fundi stjórnarinnar. Þeir eru einnig tengiliðir á milli foreldrahópsins og kennara.

Á fundinum voru ræddar ýmsar hugmyndir varðandi bekkjarstarfið. Fundarmenn voru almennt sammála því að mikilvægt væri að reyna að virkja sem flesta foreldra á bekkjarkvöldum. Aðferð sem reynst hefur vel annars staðar er að skipta foreldrahópnum upp í þrjá til fjóra hópa eftir því hversu oft á að hittast. Hver hópur er síðan virkjaður einu sinni til aðstoðar á bekkjarkvöldi við undirbúning og frágang. Þeir sem höfðu verið bekkjarfulltrúar áður höfðu flestir þá reynslu að sumir foreldrar halda að bekkjarkvöld séu pössun fyrir börnin sem bekkjarfulltrúar sjá um. Því var lagt til að í hvert sinn sem bekkjarkvöld er auglýst sé tekið skýrt fram að öll börn þurfi að vera á ábyrgð einhvers fullorðins, ef foreldrar komast ekki geta þeir sent afa eða ömmu eða þá beðið annað foreldri fyrir barnið. Eitt bekkjarkvöld yfir veturinn er hægt að halda með kennurum, þá er ákjósanlegt að nemendur sýni annað hvort verk sín eða þá undirbúi einhver atriði.

Rætt var um að reyna að halda bekkjarkvöld hjá öllum hópum fyrir jóla. Stungið var uppá að miða við að bekkjarkvöld væri eitthvað sem allir gætu tekið þátt í og helst að það kostaði lítið sem ekki neitt. Einnig skapaðist nokkur umræða um að gaman væri að skapa einhverja hefð s.s. þorablót í 6.bekk eða annað (hugmyndir óskast) og þetta væri þá eitthvað sem krakkarnir myndu eftir og biðu eftir. Stungið var uppá að síðasta bekkjarkvöld skólaársins væri haldið í maí og þá væri það haldið með nýjum námshóp, til þess að hrista krakkana saman fyrir komandi skólaár. Ákveðið var að óska eftir leiðbeiningum frá skólastjórnendum varðandi umgengni um skólann og hvar hlutina er að finna.

Í lokin var tekinn hugmyndahringur þar sem viðstaddir deildu hugmyndum að bekkjarkvöldum sem höfðu heppnast vel. Einnig væri gaman ef kennarar gætu gert skoðanakönnun hjá sínum hópum hvað þeim langar að gera.

- ✓ Félagsvist með foreldrum, öfum, ömmum eða jafnvel eldri borgurum hverfisins
- ✓ Gömlu dansarnir
- ✓ Sundferð
- ✓ Fjallganga (Fálkafell)
- ✓ Pokahlaup
- ✓ Sleðaferð í Jólasveinabrekkuna
- ✓ Fjöruferð í Gásir
- ✓ Kjarnaskógur (ratleikir, grill eða aðrir leikir)
- ✓ Naustaborgir
- ✓ Hjóltúr
- ✓ Fara í reiðhöllina, fá einhverja til að teyma undir krökkunum
- ✓ Bingó
- ✓ Vasaljósaratleikur
- ✓ Piparkökumálun
- ✓ Útihátíð – Hreystikeppni